

## SKRÁ

147

yfir ættarnöfn, er upp hafa verið tekin á árinu 1924.

1. Einis.
2. Gilfer.
3. Hagan.
4. Melax.
5. Snorrason.
6. Þorsteinson.

## EMBÆTTI OG SÝSLANIR M. M.

31. des. f. á. var lækni, ungfrú Katrín Thoroddsen, sett til að þjóna hjeraðslæknisembættinu í Flateyjarhjeraði fyrst um sinn frá 1. jan. þ. á. að telja og til 1. febr. 1925.

5. febr. var hjeraðslæknir í Hólmavíkurhjeraði, Árni B. P. Helgason, allramildilegast skipaður hjeraðslæknir í Patreksfjarðarhjeraði frá 1. júní næstk. að telja.

S. d. var hjeraðslæknir í Þistilfjarðarhjeraði, Þórhallur Jóhannesson, allramildilegast skipaður hjeraðslæknir í Flateyrarhjeraði frá 1. apríl næstk. að telja.

21. s. m. var skjalavörður Hannes Þorsteinsson settur til þess fyrst um sinn, frá 10. þ. m. að telja, að þjóna yfirskaðavörðarembættinu við Þjóðskjalasafnið.

25. s. m. var Karli Einarssyni, bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, með allra hæstum úrskurði, veitt lausn frá embætti.

26. s. m. var cand. jur., fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, Sigurður Sigurðsson, settur til þess fyrst um sinn, að gegna bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum.

27. s. m. var alþingismaður og ritstjóri Jakob Möller skipaður eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum á landinu.